

Borgarráð

Viðauki vegna kaupa á fasteignum

Lagt er til að fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar verði hækkuð um samtals 897.900 þkr. á árinu 2018 vegna kaupa á fasteignum, sjá nánar í greinargerð. Þar af komi krónur 752.400 þkr til viðbótar við gildandi áætlun á kostnaðarstað 4102 sem verði 997.400 þkr í stað 245.000 þkr þá komi 145.500 þkr til viðbótar við gildandi áætlun á kostnaðarstað 1104 sem verði 2.435,5 þúsund í stað 2.290 þúsund. Þessi breyting á fjárfestingaráætlun verði fjármögnuð með lántökum að fjárhæð 897.000 þ.kr.

Greinargerð:

Fjárhæðinni skal ráðstafað sem hér segir; krónum 472.500.000 skal varið til fullnustu kaupsamninga vegna fasteignanna að Arnarbakka 2-6 sem lagðir eru fyrir fund borgarráðs þann 28. júní 2018, sbr. mál R18010173, krónum 85.000.000 skal varið til fullnustu kaupsamnings vegna fasteignarinnar að Völvufelli 11 sem lagður er fyrir fund borgarráðs þann 28. júní 2018, sbr. mál R18060153, krónum 194.900.000 skal varið til fullnustu kaupsamninga vegna fasteignanna að Völvufelli 13, Völvufelli 15, Völvufelli 17, Völvufelli 19 og Völvufelli 21 sem lagðir eru fyrir fund borgarráðs þann 28. júní 2018, sbr. mál R18060150 og krónum 145.500.000 skal varið til fullnustu kaupsamnings vegna eignarhluta 0102 og 0103 í fasteigninni að Borgartúni 6 sem lagður er fyrir fund borgarráðs þann 28. júní 2018, sbr. mál R18060146.

Áhrif á rekstur vegna fjármagnskostnaðar eru áætluð um 22 mkr á yfirstandandi ári og áhrif á sjóðstreymi fela í sér aukningu fjárfestinga í varanlegum fastafjármunum að fjárhæð 897.000 þkr og jafnháa aukningu í lántöku í A-hluta Reykjavíkurborgar. Þessi áhrif verða einnig í samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar A+B.

Tillagan þarfnast samþykktar borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson